

Nr. 079 / 13 Brynjólfur VE 3**Skipverji slasast við fall**

Skipaskr.nr. 1752
IMO nr. 8303410
Smíðaður: Akranesi 1987 stál
Stærð: 299 brl. 531,5 bt.
Mesta lengd: 41,98 m Skráð lengd: 39,8 m
Breidd: 8,1 m Dýpt: 6,25 m
Vél: Berger Diesel 728 kW 1987
Fjöldi skipverja: 12



Brvniólfur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. apríl 2013 var Brynjólfur VE 3 að veiðum á Eyjólfsklöpp skammt vestan Einidrangs. Veður: A 4 m/s og lítill sjór.

Skipverji sem var við vinnu á millipílvari ætlaði að fara að athuga með lensidælu aftur á pílfarinu og gekk aftur fyrir aðgerðarkerfið á pílfarinu þar sem hann steig á slor. Hæg velta var á skipinu og við það rann skipverjinn, féll við og fékk sting í hnéð.

Þegar komið var í land leitaði slasaði læknis og í ljós kom að liðþófi hafði rifnað.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn slasaða voru pílför hálkuvarin með sandmálningu en á þessum tíma hafði málningin slitnað og vörnin því ekki verið nægjanlega virk en hún var endurnýjuð síðar. Annars staðar á pílfarinu voru ristar.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir mönnum á nauðsyn þess að hálkuvörn á pílförum sé í lagi.